



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972 [aðild að alþjóðasáttmála og innleiðing tilskipunar um tiltekna notkun einstaklinga sem eiga við sjón- eða lestarhömlun að stríða að verkum sem vernduð eru af höfundarétti] var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda frá 25. október til 8. nóvember 2019. Alls bárust sjö umsagnir.

Blindrafélagið, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og Hljóðbókasafn Íslands lýstu yfir ánægju og stuðningi við frumvarpið.

Félaga íslenskra bókaútfenda gerði ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið í umsögn sinni en undirstrikaði að mikilvægt væri að framkvæmd og verkferlar sem byggðu á lögnum væru skýrir, gagnsæir og gerðir í sátt við alla réttthafa. Í umsögninni komu fram ýmsar tillögur þeirra um hvernig standa mætti að framkvæmdinni. Eins og fram kemur í lok umfjöllunar í kafla 3.2. í almennum athugasemdum við frumvarpið þá er ekki talið rétt að leggja til að frekari skyldur verði lagðar á viðurkenndar einingar en gert ráð fyrir að þær muni setja sér starfsreglur sem gætu frekar tryggt að ekki komi til misnotkunar á verkum sem þær nota og miðla á grundvelli takmörkunarheimildarinnar.

Í umsögn Rithöfundasambands Íslands (RSÍ), sem Hagþenkir tók að fullu undir í sinni umsögn, er töluvert fjallað um fyrirkomulag og mat á bótum. Bent á að orðalag frumvarps væri stirt og sérstaklega bent á að hugtakið „viðurkennd eining“ væri óþjálmt, ógagnsætt og ekki nægilega sérgreint. Ekki var þó komið með tillögu að betra orðalagi. Hugtakið er komið frá Marakess-sáttmálanum og Marakess tilskipuninni og þýðingu Þýðingarmiðstöðvarinnar á því hugtaki. Rétt er talið að nota sama hugtak og gert er í sáttmálanum og tilskipuninni og í lögum nágrannaþjóða sem hafa innleitt tilskipunina. Varðandi bætur þá er, eins og nefnt er í kafla 3.3. í almennum athugasemdum við frumvarpið, er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að aðilar semji sjálfir um fyrirkomulag bóta og ef ágreiningur kemur upp þá megi skjóta þeim ágreiningi til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. höfundalaga, sbr. 3. mgr. 19. gr. d. í frumvarpinu. Þá leggur RSÍ til að útlán hljóðbóka ættu að sæta greiðslum í samræmi við ákvæði um greiðslur fyrir afnot á bókasöfnum sbr. 7. gr. laga um bókmenntir. Það ákvæði hefur ekki verið túlkað hingað til að ná til útlána hljóðbóka en hugsanlega mætti athuga þá tillögu. Það fellur þó utan þessa frumvarps. Í umsögn RSÍ er nefnt að til bóta væri að hafa eftirlitsaðila með framkvæmd og starfsemi viðurkenndra eininga. Ráðuneytið telur ekki rétt að svo stöddu máli að leggja til slíkan eftirlitsaðila þar sem talið er að aðilar geti sjálfir náð samkomulagi um fyrirkomulag og öryggisatriði varðandi framkvæmd takmörkunarheimildar og ef ágreiningur kemur upp má skjóta honum til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. höfundalaga. Þá er nefnt að í frumvarpinu væri rétt að „afhenda úrræði“ til hinnar viðurkenndu einingar sem tryggja tækniútfærslur og öryggisatriði til að koma í veg fyrir misnotkun á takmörkunarheimildinni. Ráðuneytið telur að það sé gert með tillögum í nýrri 19. gr. e. Eins og áður segir þá telur ráðuneytið að viðurkenndar einingar muni sjálfar setja sér frekari starfsreglur, mögulega á grundvelli samkomulags aðila um fyrirkomulag og efni bóta. Að lokum er nefnt í umsögn RSÍ að tryggja þurfi að talgervlar og annars konar hugbúnaður teljist jafngilda gerð hljóðbókar. Ráðuneytið telur að skilgreining á hugtakinu „eintak á aðgengilegu formi“ geti náð til slíkra talgervla og hugbúnaðar á sama hátt og gerð hljóðbókar og það sé því atriði sem huga þarf að í samningi milli aðila.

Ekki var því talin ástæða til að breyta orðalagi frumvarpsins vegna innkominna athugasemda þar sem þær varða verkferla og ákvörðun bóta sem frumvarpið leggur í hendur aðila að semja um. Hins vegar var talið rétt að halda fundi með hagsmunaaðilum áður en frumvarpið yrði lagt fram á Alþingi til að tryggja að fullur skilningur væri á efni þess. Það var gert og frumvarpið var lagt fram á haustþingi 2020.